

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um plastagnir.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um innihald plastefna í snyrti- og hreinlætisvörum sem geta verið ógnun við umhverfið, sérstaklega lífríki hafsins?
2. Er til opinber listi yfir snyrti- og hreinlætisvörur sem innihalda engar plastagnir?
3. Ber framleiðendum eða seljendum að merkja vörur af þessu tagi sérstaklega svo að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á því að þær innihaldi plast?
4. Hafa verið gerðar sérstakar mælingar á plastögnum í hafinu umhverfis Ísland? Hafa plastagnir mælst í hafinu?
5. Hversu mikið af plastögnum fer árlega í hafið umhverfis Ísland?

Skriflegt svar óskast.